

Fundur 29.1.2024 John Lennon.

Já komið þið nú sæl og blessuð.

*Sæll og góða kvöldið.*

Mikil er orkan í framlífinu og man ég eftir því þegar ég kom fyrst í samband við ykkar fund, að eftirspurnin var mikil eftir svörum mínum og margir sem spurðu mig margs, og ekki gat ég svarað því öllu.

Og varð ég því frá að hverfa áður en ég gat lokið máli mínu, en stundum kemur að því í lífi mínu, þótt mér líði hér mjög vel, að ég sakna gömlu jarðarinnar.

Og sú tilfinning hellist oft yfir mig að ég hafi átt mörgu ólokið á gömlu jörðinni, en úr því verður víst ekki bætt héðan af.

En við sem reynum að fylgjast með því sem gerist hjá ykkur, við undrumst mis mikið af ýmsum fréttum og við höfum mis miklar áhyggjur af ykkur og við heyrum ýmsa spádóma um jörðina gömlu og við heyrum kenningar um það hvert við erum að þróast líka.

Já fyrst þegar ég kom á ykkar fund, þá gat ég aðeins sagt frá örfáum atriðum af því sem ég hafði ætlað mér að segja frá, enda er það svo að, enda þótt ég hafi verið þekktur á jörðinni sem ákveðin persónuleiki, hef ég í framlífi þróað persónuleika minn áfram og fengið áhuga á öðrum hugarefnum einnig og þó hef ég ekki gleymt mínum gömlu vinum og samstarfsmönnum og er jafnvel farinn að sinna minni gömlu og góðu iðju meira í seinni tíð og kannske ekki að furða þar sem ekki aðeins samstarfsmenn mínir eru hér komnir frá gömlu jörðinni margir, heldur kunningjar sem ég hitti aðeins einu sinni.

Og hæfileika fólk og þegar saman koma slíkir hæfileikar, er ekki skrítið þótt við rifjum upp gamla tíma og reynum jafnvel að halda áfram á sömu braut, enda margir hér sem kunna vel að meta það.

Það gladdi mig mjög þegar ég kom hingað, að ég uppgötvaði það að hér er meiri friður ríkjandi og kærleikur og margt af því sem ég þráði svo mjög á jörðinni, er hér orðið, hafa ræst draumar mínir, er hér orðið að veruleika og er hluti af daglega lífinu.

En á sama tíma gerir maður sér grein fyrir því að það sem þið kallið helstefnuna, er víða vandamál og jafnvel á gömlu jörðinni minni, þar sem þið eruð.

Og ekki tókst listinni að bjarga því á gömlu frumlífs jörðinni, en hún er enn órjúfanlegur þáttur í lífi mínu og margra annara hér.

Þykir mér þó gjarnan einna dýrmætast að hér hef ég á þessum framlífs hnetti, sem er mjög fagur og gjöfull á allan hátt, kynnst föður mínum á nýjan leik og hef átt við hann alvarlegri samræður um lífið og tilveruna og það munar öllu að vera edrú.

Og það sem mér finnst jafnvel enn dýrmætara, að ég hef getað rætt við móður mína sem fór allt of snemma og ýmsa aðra ættingja og hef ég haldið áfram með margskonar sjálfsrækt sem ég var byrjaður á, á jörðinni ykkar.

Og get ég þó ekki farið út í þau ýmsu áhugamál mín, sem ég hef fengið á þessari jörð, eins og að fylgjast með stjörnunum og þekki undirstöðu atriði þessarar kenningar, enda má segja að hún sé okkur jafn sjálfsögð eins og þyngdarlögmálið og önnur náttúrulögmál.

En orkan fer víst að minnka og vil ég segja til nafns og vil ég segja að ég reyni að hlutsta á ykkur sem eruð að fást við listir og tónlist aðallega og tekst mér það misjafnlega vel, eru skilyrðin misgóð til að sjá ykkur og heyra.

*Þú hefur fengið kveðju mína ?*

Ja ha ha há. John Lennon.

*Já mér datt það í hug, velkominn.*

Já þakka ég fyrir.

Já ég vil biðja þig afsökunar John ef ég var eitthvað að tefja þig á síðasta fundi.

Nei ekki tefja, en það, orkan misgóð, það gleður mig að vissu leiti að fá spurningar og hef hér hitt gamlan kunningja og marga vini, já ég heyri stundum í tónlist ykkar og það gleður mig.

Og Íslendingur hér sem ég hef kynnst, Rúnar Gunnarsson.

*Já þú nefndir hann síðast.*

Já, höfum aðeins glamrað saman.

*Já hann var góður.*

Já hann hefur haldið áfram, og kynnst sumu upp á nýtt og hægt að segja frá mörgu.

*Fer ekki Yoko að koma yfir ?*

Ja það er ekki gott að segja.

En já ég hefði vafalaust heimsótt Ísland hefði mér enst aldur, því ég var að byrja aftur, þá hefði ég alveg ábyggilega spilað hjá ykkur.

Það var allt að byrja hjá mér aftur og það tók mig all nokkurn tíma að sættast við þetta og já mér finnst enn að mörgu hafi verið ólokið, en já það koma þá aðrir í staðinn.

Já ég vildi gjarnan segja ykkur frá eyjunni minni sem ég eignaðist hér í framlífi og lét gamlan draum rætast og hef hér að vísu eignast nýja vini og vinkonur.

Og hér er einnig gerð tilraun til að rifja upp listir og menningu gamla hnattarins, svo það fari ekki til spillis.

Ég vil senda ykkur bestu kveðjur og margt sem ekki er hægt að koma að, en orkan er mis sterk, en

*Má ég spurja þig að einu ?*

vona ég að tónlistarfólk ykkar blómstri sem best og aðrir af ykkur þjóð, já gjörðu svo vel.

*Ert þú enn þá í myndlistinni, að teikna ?*

Já já það gefur svo endurnýjaðar hugmyndir og orku.

*Já mig langar til að spurja þig að einu, hvernig þróast listin þarna þar sem þú ert, er hún ekki upp á við, mér finnst listin hér á þessari jörð vera frekar niður á við.*

Jú, hún þróast meira upp á við hér, og ég hafði þetta hvort tveggja í mér, var soldið kerskinn á köflum en gat samt verið móttækilegur fyrir þessu sem er háleitara og göfugra.

Og hef einmitt reynt að rækta þá þætti í mér meira.

*Það er gaman að heyra.*

Já myndlistin er svo dýrmæt því hún er, það eru ýmis form hér í náttúrunni sem maður túlkar ekki nema með myndlist, maður sér blómin og formin á nýjan hátt með því að draga það upp og teikna það og slíkt.

Og það hjálpar mér við að fá aðrar hugmyndir í tónlist og slíkt, þakka fyrir þessa ágætu spurningu.

*Mér finnst það fínt.*

*Ég hlakka til að sjá þig á tónleikum í framlífi.*

Já, þig gæti kannski dreymt það, en það er margt sem ég kem ekki að núna, gleður mig að koma í sambandið og mun reyna það aftur síðar.

Óska ég ykkur alls hins besta og

*Ég bið að heilsa Georg Harrison.*

Gleður mig að margir kollegar mínir hafa veitt landinu ykkar meiri athygli, enda á það, það fullkomlega skilið.

Þakka ég fyrir mig og sendi ég ykkur góðar kveðjur, verið þið sæl.

*Þakka þér kærlega fyrir komuna, vertu sæll.*